

Fimmtudagurinn 19. september 1996 kl. 11:15

79. fundur Samkeppnisráðs

Álit nr. 8/1996

**Erindi Sambíóanna um meinta mismunun
við innheimtu á skemmtanaskatti hjá kvikmyndahúsum**

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Í erindi, dags. 20. febrúar sl., lýsir Árne Samúelsson, framkvæmdastjóri Sambíóanna, yfir óánægju með þá samkeppnislegu mismunun sem á sér stað við innheimtu ríkisins á skemmtanaskatti hjá kvikmyndahúsum.

Í erindinu er svohljóðandi lýsing á kvörtunarefninu: „Fyrirkomulag á skemmtanaskattsgreiðslum frá kvikmyndahúsum er þannig að hverju húsi (rekstraraðila) er gert að greiða 15% af verði aðgöngumiða í ríkissjóð. Tvær undantekningar eru frá þessu, Háskólabíó greiðir sínar prósentur að stærstum hluta til Sáttmálasjóðs og Laugarásbíó greiðir til DAS. Aðrir rekstraraðilar: Bíóborgin, Bíóhöllin, Sagabíó, Regnboginn og Stjörnubíó greiða sínar prósentur beint í ríkissjóð.

Sáttmálasjóður á Háskólabíó og rekur það til sýninga almennra kvikmynda eftir að kennslu lýkur í Háskólanum á daginn. Leiða má líkur að því að þessar skattgreiðslur bíósins til sjálfs sín hafi gert því kleift að greiða niður skuldir af hinum nýju bíósölum sem bíóið byggði fyrir nokkrum árum.

Þarna er um að ræða augljósa mismunun: aðrir rekstraraðilar hefðu örugglega mikinn áhuga á að stofna sérstakan sjóð til nýbygginga gegn fríðindum sem þessum.

Í hinu undantekningartilfallinu eru ástæðurnar fyrir þessari mismunun enn óljósari. Þar greiða rekstraraðilar bíósins (DAS er í raun eigandi

Laugarásbíós) megnið af skattinum til eiganda kvikmyndahússins og ekki er í raun ljóst hvers vegna. Sömuleiðis er ekki ljóst hvort þessi staðreynd skilar sér í lægri leigu rekstraraðila á húsnæðinu. Óneitanlega hlýtur sú hættu að vera fyrir hendi að slíkt gerist, sérílagi vegna þess að ef rekstur bíósins gengur vel fær DAS hærri greiðslu skemmtanaskatts.“

Í erindinu er gerð krafa um afnám skemmtanaskatts þar sem forsendur skattsins í núverandi mynd séu löngu brostnar og aðstæður á markaði breyttar. Að öðrum kosti verði þær undanþágur sem nú eru í gildi felldar niður. Þá kemur fram í erindinu að samskonar skattur hafi fyrir löngu verið afnuminn á hinum Norðurlöndunum.

Máli sínu til stuðnings senda Sambíóin afrit af greiðslum Sambíóanna á skemmtanaskatti fyrir októbermánuð á sl. ári og þar kemur fram að um verulegar fjárhæðir er að ræða.

2.

Samkeppnisstofnun sendi fjármálaráðuneytinu erindi Sambíóanna til umsagnar þann 27. febrúar sl. Fjármálaráðuneytið framsendi erindið með bréfi, dags. 19. mars sl., til menntamálaráðuneytis. Í bréfinu segir meðal annars að það sé ekki fjármálaráðuneytisins að tjá sig um álagningu skemmtanaskatts eða endurgreiðsluheimildir, sem lögum samkvæmt heyra undir menntamálaráðherra. Með tilvísun í 2. mgr. 7. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 framsendi fjármálaráðuneytið því umsagnarbeiðni Samkeppnisstofnunar til menntamálaráðuneytisins.

Í umsögn frá menntamálaráðuneytinu, dags. 29. maí sl., um erindi Sambíóanna er greint frá því hvaða heimildir eru í gildi um endurgreiðslu skemmtanaskatts og kemur þar fram að Sáttmálasjóður fær endurgreiddan skemmtanaskatt Háskólabíós og að Hrafnista DAS fær endurgreiddan skemmtanaskatt Laugarásbíós.

Í umsögninni segir jafnframt: „*Ráðuneytið tekur undir það fyrir sitt leyti að þörf sé endurskoðunar á lögum um skemmtanaskatt, m.a. í ljósi samkeppnislaga frá 1993. Í því skyni hefur verið skipuð vinnunefnd undir forystu fjármálaráðuneytis sem falið hefur verið það verkefni að skoða hvort núgildandi lög um skemmtanaskatt samrýmist ríkjandi viðhorfum í þessum*

málum og leggja fram tillögur á grundvelli þeirrar endurskoðunar. Nefndin á að skila álitum fyrir septemberlok á þessu ári.“

3.

Samkeppnisstofnun sendi bréf, dags. 6. júní sl., til stjórnar Sáttmálasjóðs þar sem óskað var eftir umsögn stjórnarinnar um erindi Sambíóanna ásamt eftirfarandi upplýsingum og gögnum:

- „1. *Hvernig eru stjórnunarleg, bókhaldsleg, og fjárhagsleg tengsl:*
 - a) Sáttmálasjóðs og Háskólabíós?*
 - b) Sáttmálasjóðs og Háskóla Íslands?*
 - c) Háskóla Íslands og Háskólabíós?*
2. *Hvernig hafa nýframkvæmdir við Háskólabíó á undanförunum árum verið fjármagnaðar? Ef um lántöku hefur verið að ræða vegna framkvæmdanna, hvaðan hefur lánsfjár verið aflað og hvernig hefur ábyrgðum vegna lána verið háttað?*
3. *Hvernig greiðir Háskóli Íslands fyrir afnot af sölum Háskólabíós?*
4. *Hefur Háskóli Íslands innt af hendi störf fyrir:*
 - a) Sáttmálasjóð?*
 - b) Háskólabíó?**Ef svarið er jákvætt óskast upplýst hvernig greitt hefur verið fyrir þessa vinnu.*
5. *Hefur Háskóli Íslands gengist í ábyrgðir fyrir:*
 - a) Sáttmálasjóð?*
 - b) Háskólabíó?*
6. *Óskað er eftir ársreikningum fyrir árin 1992 til og með 1995 fyrir:*
 - a) Sáttmálasjóð*
 - b) Háskólabíó*
7. *Hefur endurgreiddur skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum verið nýttur til framkvæmda eða rekstrar Háskólabíós?“*

Svarbréf, dags. 12. júlí sl., barst frá háskólarektor með upplýsingum og gögnum frá Sáttmálasjóði og Háskólabíói sem beðið hafði verið um í bréfi Samkeppnisstofnunar frá 6. júní. Svör við ofangreindum spurningum eru eftirfarandi (til að gæta trúnaðar eru fjárupphæðir felldar út úr svörum en þær nefndar X₁):

„1. Stjórnunarleg tengsl:

- a) Háskólabíó hefur sína eigin stjórn sem starfar í raun sjálfstætt. Háskólabíó er þannig rekið sem sjálfstæð rekstrareining án íhlutunar stjórnenda Sáttmálasjóðs. Stjórn Háskólabíós er kosin af háskólaráði til tveggja ára í senn.
- b) Skv. stofnskrá Sáttmálasjóðs er háskólaráð æðsti stjórnandi Sáttmálasjóðs. Í 3. grein segir: „Háskólaráð stjórnar sjóðnum“.
- c) Stjórnunarleg tengsl eru engin utan kosningar stjórnar Háskólabíós.

Bókhaldsleg tengsl:

- a) Háskólabíó hefur bókhald algerlega aðskilið frá bókhaldi Sáttmálasjóðs. Bókhald Háskólabíós er endurskoðað af löggiltum endurskoðanda og þeim niðurstöðum skilað til Sáttmálasjóðs, Ríkisendurskoðunar og rektors Háskóla Íslands.
- b) Bókhald Sáttmálasjóðs er aðskilið frá bókhaldi Háskóla Íslands og fer ásamt ársreikningum annarra sjóða í vörslu Háskólans til Ríkisendurskoðunar.
- c) Engin tengsl eru milli bókhalds Háskólabíós og Háskóla Íslands.

Fjárhagsleg tengsl:

- a) Sáttmálasjóður er eigandi Háskólabíós. Samkvæmt reglugerð fær Sáttmálasjóður 90% af skemmtanaskatti v. bíósýninga Háskólabíós. Kvittun Sáttmálasjóðs fyrir upphæðinni er send á gjalddaga ásamt mismuni til Tollstjóraembættisins sem fullnaðargreiðsla á skattinum. Að öðru leyti eru ekki fjármálaleg tengsl milli aðila.
- b) Sáttmálasjóður er einn af mörgum sjóðum í vörslu Háskólans. Um meðferð Sáttmálasjóðs fer eftir stofnskrá sjóðsins sbr. hjálagt fylgiskjal. Dagleg umsjón allra sjóða, þar með talin Sáttmálasjóðs er í höndum eins starfsmanns. Laun hans eru greidd af Háskóla Íslands af fé því sem rennur til Háskólans úr svokölluðum Háskólasjóði.
- c) Það eru engin fjárhagsleg tengsl milli Háskólabíós og Háskóla Íslands. Í þessu sambandi viljum við einnig benda á svör í lið 3 og 7.

2. *Fjármögnun nýframkvæmda:*
Vegna nýframkvæmda voru eftirfarandi lán tekin:
Norræni fjárfestingabankinn
USD X₁
DEM X₁
Framkvæmdasjóður Íslands
USD X₁
Landsbanki Íslands
Ikr. X₁
Öll ofangreind lán eru tryggð með veði í Háskólabíói og er Háskólabíó eini skuldari lánanna.
Þá var einnig hluti nýbyggingarinnar fjármagnaður með langtíma leigusamningi við Landsbanka Íslands dags. 30. ágúst 1991.
Að öðru leyti kom nýtt fjármagn úr sjóðum Háskólabíós.
3. *Fyrir leigu af sölum Háskólabíós greiðir Háskóli Íslands leigu skv. leigusamningi dags. 29. maí 1991 og 6. maí 1994. Leigumat vegna leigusamnings þessa var unnið af Sverri Kristinssyni, löggiltum fasteignasala, og var markaðsverð lagt til grundvallar matinu.*
4. *Hefur Háskóli Íslands innt af hendi störf fyrir Sáttmálasjóð eða Háskólabíó?*
Nei, í hvorugu tilvikinu.
5. *Hefur Háskóli Íslands gengið í ábyrgðir fyrir Sáttmálasjóð og/eða Háskólabíó?*
Nei í hvorugu tilvikinu.
6. *Ársreikningar Háskólabíós fyrir árin 1992–1995 fylgja hér með. Ársreikningar Sáttmálasjóðs fyrir árin 1992–1994 fylgja hér með en reikningur vegna 1995 er enn ekki tilbúinn.*
7. *Hefur endurgreiddur skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum verið nýttur til framkvæmda eða rekstrar Háskólabíós?*
Rekstur Háskólabíós er eins og áður sagði algerlega aðskilinn frá rekstri Sáttmálasjóðs. Háskólabíó mætir fjárvöntun með lánatöku eða

skuldasöfnun, en þegar vel gengur þá nýtur Háskólabíó þess í formi bættrar lausafjárstöðu.“

Í bréfinu kemur einnig fram að: „Stjórn Sáttmálasjóðs ákvað á tímabilinu 1992–1995 að bæta aðstöðu í húsinu til tveggja sérgreindra, afmarkaðra og tímabundinna átaksverkefna. Í fyrra tilvikinu var lagt fram fé til að bæta kennsluáðstöðu fyrir nemendur í Háskólabíói. Bar þar mest á kennslubúnaði og síðan borðum og innréttingum fyrir nemendur. Þá var fjárfest í hljóðbúnaði vegna kennslu s.s. hljóðnema og magnara. Háskólabíó lagði einnig fram upphæðir í þessu sambandi. Ekkert af þessum búnaði er nýttur vegna bíósýninga.

Í seinna tilvikinu lagði Sáttmálasjóður fram fé f.h. Háskólans til að bæta brunavarnir í húsinu sem nauðsynlegar voru vegna hinnar sérstæðu notkunar hússins, m.a. til kennslu. Hlutur Háskólans í þessu brunavarnarátaki var um 50% af heildarkostnaði. Þess skal getið að þessum verkefnum er að ljúka en verið er að setja upp stjórnstöðina sem er síðasti áfangi verksins.

Þær upphæðir sem Háskóli Íslands hefur lagt fram með þessum hætti eru sem hér segir:

<i>1992 kr.</i>	<i>X₁</i>
<i>1993 kr.</i>	<i>X₁</i>
<i>1994 kr.</i>	<i>X₁</i>
<i>1995 kr.</i>	<i>X₁</i>

Að síðustu er í bréfinu lögð áhersla á að ársreikningar Háskólabíós séu trúnaðarmál.

4.

Samkeppnisstofnun sendi bréf, dags. 6. júní sl., til Hrafnistu DAS þar sem óskað var eftir umsögn um erindi Sambíóanna ásamt eftirfarandi upplýsingum og gögnum:

- „1. Hvernig eru stjórnunarleg, bókhaldsleg og fjárhagsleg tengsl Hrafnistu DAS og Laugarásbíós?*
- 2. Hvernig hafa nýframkvæmdir við Laugarásbíó á undanförunum árum verið fjármagnaðar? Ef um lántöku hefur verið að ræða vegna*

framkvæmdanna, hvaðan hefur lánsfjár verið aflað og hvernig hefur ábyrgðum vegna lána verið háttað?

3. *Óskað er eftir ársreikningum Hrafnistu DAS fyrir árin 1992 til og með 1995.*
4. *Hefur endurgreiddur skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum verið nýttur til framkvæmda eða rekstrar Laugarásbíós.“*

Svarbréf, dags. 16. júlí sl., barst frá Hrafnistu DAS. Í bréfinu eru þær upplýsingar og gögn sem beðið var um í bréfi Samkeppnisstofnunar frá 6. júní. Svör við ofangreindum spurningum eru sem hér segir (fjárupphæðir nefndar X₁):

- „1. *Sérstjórn er fyrir sérhvert fyrirtæki, þ.e. Hrafnistu D.A.S. Reykjavík, Laugarásbíó og Hrafnistu D.A.S. Hafnarfirði, en sömu einstaklingar (kosnir á aðalfundi Sjómannadagsráðs) sitja í stjórnnum þessara fyrirtækja. Fyrrgreind fyrirtæki eru öll sjálfstæð með aðskilið bókhald, aðskilinn fjárhag, sjálfstæðar kennitölur og aðskilin vsk. númer.*

Rétt er að vekja athygli á því að Laugarásbíó hefur ekki rekið kvikmyndahúsið frá árinu 1988. Núverandi rekstraraðili bíósins er Kvikmyndahúsið ehf., kt. 610593-3059. Hvorki stjórnendur né eigendur Kvikmyndahússins ehf. eru tengdir fyrirtækjum Sjómannadagsins (Hrafnistu, Laugarásbíói o.fl.) á nokkurn hátt.

2. *Þegar endurnýjað var hljóðkerfi Laugarásbíós, þá var það fjármagnað með láni (X₁ milljónir) frá Sparisjóði vélstjóra með veði í bíóbyggingunni. Bygging B- og C-salar var fjármögnuð með stofnfé frá Sjómannadeginum í Reykjavík og Hafnarfirði (liðlega X₁ milljónir), lánnum frá lánastofnunun og lánnum frá Sjómannadeginum í Reykjavík og Hafnarfirði. Aðrar nýframkvæmdir hafa verið fjármagnaðar með lánnum frá lánastofnunum, með veði í bíóbyggingunni.*
3. *Hjál. ársreikningur Hrafnistu DAS Reykjavík (kt. 640169-7539) og Hrafnistu DAS Hafnarfirði (kt. 491177-0129) fyrir árin 1992–1995.*

4. *Endurgreiddur skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum Laugarásbíós hefur einungis verið notaður til uppbyggingar Hrafnistuheimilanna.*

Síðastliðin 20 ár hefur endurgreiddi skemmtanaskatturinn farið í að greiða byggingarkostnað og byggingarskuldir vegna Hrafnistu í Hafnarfirði. Endurgreiddur skemmtanaskattur hefur ekki verið nýttur til framkvæmda eða rekstrar Laugarásbíós“.

Með bréfi Hrafnistu DAS fylgdi einnig greinargerð frá endurskoðanda Hrafnistuheimilanna og Laugarásbíós og þar segir:

„Nýframkvæmdir við Laugarásbíó á undanförunum árum hafa verið fjármagnaðar með lánum frá lánastofnunum. Lánin hafa verið tryggð með veði í fasteignum bíósins. Þegar B- og C-salir Laugarásbíós voru byggðir fyrir allmörgum árum lagði Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði fram aukið stofnfé til Laugarásbíós ásamt því að lána bíóinu fjármagn.

Endurgreiðsla skemmtanaskatts hefur alfarið farið til uppbyggingar Hrafnistuheimilanna. Síðastliðin tuttugu ár hefur endurgreiddur skemmtanaskattur verið lagður inn á bankareikning í eigu Hrafnistu Hafnarfirði. Bankareikningi þessum hefur eingöngu verið ráðstafað til uppbyggingar Hrafnistu, þ.e. til nýframkvæmda og til greiðslu lána sem tekin hafa verið vegna uppbyggingar Hrafnistu. Ég vil ítreka að endurgreiðsla skemmtanaskatts hefur ekki farið til framkvæmda eða rekstrar Laugarásbíós.“

Við athugun á gögnum frá Hrafnistu DAS var ákveðið að biðja einnig um ársreikninga Laugarásbíós og bárust þeir þann 19. júlí sl.

II.

Lagaumhverfi

1.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt segir: *„Greiða skal skatt samkvæmt lögum þessum, þegar aðganga er seld að skemmtunum fyrir almennig.“* Í 2. gr. laganna, þar sem skattskyldar skemmtanir eru taldar upp og flokkaðar, segir um 2. flokk: *„...Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.*

Af skemmtunum, sem til þessa flokks teljast, greiðist 15%; skattur af brúttóverði seldra aðgöngumiða.“

Í 5. gr. kemur fram að tollstjóri sér um innheimtu skemmtanaskatts.

Í 2. mgr. 6. gr. laganna segir svo m.a.: *„Fellð er niður undanþága sú frá greiðslu skemmtanaskatts, sem kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum Sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóða Akraness og Hafnarfjarðar hafa notið samkvæmt d-lið 3. gr. laga nr. 56/1927, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1963, svo og undanþágur, sem kvikmyndahúsum hafa verið veittar skv. 2. mgr. 3. gr. I nr. 56/1927, sbr. I nr. 24/1963. Skemmtanaskattinn skal þó ráðherra heimilt að endurgreiða þeim aðilum, sem að undanfögnu hafa notið tekna vegna frammannefndra undanþága, með þeim skilmálum, að féð verði notað í því skyni, sem var ástæða undanþágunnar.“*

2.

Í stofnskrá fyrir Sáttmálasjóð Háskóla Íslands segir í 1. gr.: *„Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt 14. gr. dansk-íslenskra sambandslaga 1918 og nefnist Sáttmálasjóður háskólans.“*

Í annarri grein er fjallað um tilgang sjóðsins og þar segir:

„Tilgangur sjóðsins er:

- 1. Að efla andlegt samband Danmerkur og Íslands, svo sem með því að styðja útgáfu vísindarita, er varða bæði ríkin, og fræðirita um hvort landið um sig, veita styrk til fyrirlestrarhalds um annað landið í hinu, til að snúa íslenskum ritum á dönsku og dönskum á íslensku, að styrkja danska stúdenta til náms í íslenskum fræðum fornum og nýjum við Háskóla Íslands, styðja íslenska menn til vísindaiðkana í Danmörku o.s. frv.*
- 2. Að styðja íslenska vísindastarfsemi, svo sem frumlegar vísindarannsóknir, útgáfur vísindarita, veita styrk til safna og rannsóknarstofa, til bókakaupa háskólans og útgáfu kennslubóka handa honum, til verðlauna fyrir vísindarit og til utanfarar háskólakennara í vísindalegu augnamiði. Að styrkja íslenska námsmenn.“*

Í 3. gr. segir að háskólaráð stjórnir sjóðnum.

3.

Í 2. gr. laga nr. 131/1990 um Háskóla Íslands segir meðal annars: „*Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, deildum, deildarforsetum og framkvæmdastjórum stjórnslusviða. Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana, vinnur að þróun og eflingu þeirra og markar þeim heildarstefnu. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans, nema annað sé ótvírætt tekið fram í lögum eða reglugerðum.*“

Í 36. gr. laganna segir í 1. mgr.: „*Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, fyrirtækjum háskólans, svo sem kvikmyndahúsi, og með sjóðum skólans og öðrum eignum.*“

4.

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum. Skal það m.a. gert með því að vinna gegn samkeppnishömlum. Í 5. gr. laganna, þar sem fjallað er um hlutverk Samkeppnisráðs, segir að ráðið skuli benda stjórnvöldum á leiðir til að gera samkeppni virkari. Samkvæmt 19. gr. skal vekja athygli ráðherra á því telji samkeppnisyfirvöld ákvæði laga eða stjórnvaldsfyrirmæla stríða gegn markmiði samkeppnislaga og torvelda frjálsa samkeppni í viðskiptum.

III.

Athugun Samkeppnisstofnunar

1.

Í bréfi til Morgunblaðsins, sem birtist í blaðinu 4. apríl sl. skýrir Stefán Már Stefánsson, fyrir hönd stjórnar Háskólabíós, tengsl kvikmyndahússins, Sáttmálasjóðs og Háskóla Íslands. Þar segir meðal annars: „*Sáttmálasjóður er eigandi þess húsnæðis sem Háskólabíó hefur yfir að ráða. Sáttmálasjóður var stofnaður á grundvelli sambandslagasamnings milli Íslands og Danmerkur og 14. gr. sambandslaga nr. 39/1918. Honum var á sínum tíma sett stofnskrá sem staðfest var og auglýst. Stofnframlag til hans í upphafi kom frá ríkissjóði Danmerkur en gert var ráð fyrir að það skyldi ávaxta með tilteknum hætti. Sambandslögin voru sett til að fullnægja þjóðréttarskuldbindingu og verður að hafa það eðli þeirra í huga.*“

Sáttmálasjóður hefur ávallt fullnægt öllum skilyrðum laga til þess að vera talinn sérstök sjálfseignarstofnun. Hann hefur aðskilinn fjárhag, bæði reikningslega og raunverulega, ræður málum sínum sjálfur og hefur sérstaka stjórn. Hann ber og einn ábyrgð á skuldbindingum sínum. Sjóðurinn er hvorki eign íslenska ríkisins né Háskóla Íslands. Hann var og stofnaður til að þjóna ákveðnu og sérstaklega skilgreindu langtímamarkmiði, einkum í þágu vísinda, sem ekki hefur breyst.

Háskólaráð fer með yfirstjórn sjóðsins samkvæmt 3. gr. stofnskrár Sáttmálasjóðs. Háskólaráð ákvað þann 17. október 1941 að Sáttmálasjóður skyldi eiga og reka kvikmyndahús það sem þá var verið að setja á stofn, þ.e. Tjarnarbíó. Var þetta talin hagkvæm aðferð til að ávaxta fé sjóðsins. Háskólaráð hefur ávallt kosið sérstaka stjórn til að sjá um rekstur kvikmyndahússstarfseminnar. Er Tjarnarbíó hætti rekstri var starfseminni haldið áfram í húsnæði því sem nú er Háskólabíó. Núverandi starfsemi fer fram í samkeppni við önnur fyrirtæki á markaðinum. Í allri starfseminni gilda eingöngu venjuleg markaðs- og viðskiptalögmál. Allt húsnæði Háskólabíós er í eigu Sáttmálasjóðs og er Háskóli Íslands þar sjálfur leigutaki ásamt Landsbanka Íslands og öðrum aðilum.“

2.

Í samtali starfsmanns Samkeppnisstofnunar við fulltrúa Hrafnistu DAS kom fram að Hrafnista DAS væri rekin á félagslegum grundvelli. Hún væri í eigu Sjómannadagsins og fulltrúaráð hans væri skipað fulltrúum stéttarféлага sjómanna í Reykjavík og nágrenni. Hrafnista DAS fengi daggjöld frá ríkinu auk þess sem hún hefði fengið fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Hrafnista DAS eigi Laugarásbíó en rekstur kvikmyndahússins sé leigður Kvikmyndahúsinu hf.

3.

Samkeppnisstofnun hefur aflað upplýsinga hjá tollstjóraembættinu um greiðslutilhögun á skemmtanaskatti. Samkvæmt þeim greiðir Háskólabíó 90% af skemmtanaskatti til Sáttmálasjóðs og rekstraraðili Laugarásbíós greiðir Hrafnistu DAS 90% af skemmtanaskatti. Kvittun fyrir greiðslunum er framvísað til tollstjóra og báðir aðilar greiða 10% af skemmtanaskatti til hans. Önnur kvikmyndahús í Reykjavík greiða umræddan skatt til tollstjóraembættisins að fullu.

4.

Við meðferð þess máls sem hér er til umfjöllunar hefur Samkeppnisstofnun aflað og kynnt sér ársreikninga Sáttmálasjóðs fyrir árin 1992–1994 og Háskólabíós fyrir árin 1992–1995. Ennfremur hefur stofnunin aflað og kynnt sér ársreikninga fyrir árin 1992–1995 hjá Laugarásbíói, Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hrafnistu, Reykjavík, og Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hrafnistu, Hafnarfirði.

IV.

Álit Samkeppnisráðs

1.

Með vísan til markmiðs samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 1. gr., vekur Samkeppnisráð athygli ráðherra á eftirfarandi álitum sem er birt á grundvelli 19. gr., sbr. d-lið 2. mgr. 5. gr. laganna.

2.

Í erindi sínu kvartar Árni Samúelsson, f.h. Sambíóanna, yfir þeirri samkeppnislegu mismunum sem hann telur kvikmyndahúsin búa við og vera fólgn í því að Háskólabíó og Laugarásbíó þurfi ekki að greiða skemmtanaskatt til ríkissjóðs á meðan önnur kvikmyndahús þurfi hins vegar að greiða hann. Hin nafngreindu kvikmyndahús greiði meginhluta skattsins til eigenda sinna, Sáttmálasjóðs annars vegar og Dvalarheimilis aldraðra sjómanna hins vegar, sem geti nýtt andvirði skattsins í þágu kvikmyndahúsanna. Krefst Árni Samúelsson þess að skemmtanaskattur verði afnuminn enda séu forsendur hans ekki lengur fyrir hendi. Að öðrum kosti verði þær undanþágur sem í gildi eru og mismuni kvikmyndahúsum í samkeppni felldar úr gildi.

Í umsögn menntamálaráðuneytisins um erindi Árna Samúelssonar kemur fram að ráðuneytið telji, m.a. í ljósi samkeppnislaga, þörf á að endurskoða lög um skemmtanaskatt. Í því skyni hafi verið skipuð vinnunefnd sem hafi m.a. það verkefni að leggja fram tillögur til breytinga.

3.

Leitað var upplýsinga og gagna hjá eigendum Háskólabíós annars vegar og Laugarásbíós hins vegar m.a. um stjórnunarleg, bókhaldsleg og fjárhagsleg tengsl kvikmyndahúsanna og þeirra stofnana og samtaka sem eiga þau.

Um tengsl Háskólabíós við þær stofnanir sem að kvikmyndahúsinu standa er ljóst af gögnum málsins að hvorki er um bókhaldsleg né stjórnunarleg tengsl að ræða, umfram það að háskólaráð er æðsti stjórnandi Sáttmálasjóðs og ráðið kýs jafnframt stjórn Háskólabíós. Fjárhagsleg tengsl eru þau að Sáttmálasjóður er eigandi Háskólabíós og fær sjóðurinn samkvæmt reglugerð 90% af skemmtanaskatti kvikmyndasýninga hjá kvikmyndahúsinu. Önnur fjárhagsleg tengsl munu ekki vera á milli sjóðsins og kvikmyndahússins. Háskólabíó hefur sjálft fjármagnað nýframkvæmdir eða tekið lán hjá lánastofnunum með ábyrgðum í kvikmyndahúsinu. Landsbanki Íslands hefur ennfremur greitt fyrirfram húsaleigu sem framkvæmdir hafa verið fjármagnaðar með að hluta. Sáttmálasjóður lagði á árunum 1992–1995 fram fé til tveggja afmarkaðra verkefna. Annars vegar til að bæta kennsluástöðu fyrir nemendur en hins vegar til að bæta brunavarnir.

Stjórnunarleg tengsl Laugarásbíós og stofnana sem tengdar eru bíóinu eru þau að sömu einstaklingar, sem kosnir eru á aðalfundi Sjómannadagsráðs, sitja í öllum stjórnunum. Sérstök stjórn er þó yfir þeim öllum, þ.e. kvikmyndahúsinu, DAS í Reykjavík og DAS í Hafnarfirði. Öll hafa þau aðskilinn fjárhag og aðskilið bókhald. Laugarásbíó annast ekki lengur rekstur kvikmyndahússins heldur hefur fyrirtækið Kvikmyndahúsið ehf., sem er ótengt fyrirtækjum og stofnunum Sjómannadagsins, haft reksturinn á leigu frá árinu 1988. Fjárfesting í húsnæði og búnaði Laugarásbíós á undanförunum árum hefur ýmist verið fjármögnuð með lánum frá lánastofnunum eða lánum og stofnframlagi frá Sjómannadeginum í Reykjavík og Hafnarfirði. Endurgreiddur skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum Laugarásbíós hefur sl. 20 ár verið lagður inn á bankareikning í eigu Hrafnistu í Hafnarfirði. Fé af reikningnum hefur, samkvæmt staðfestingu lögg. endurskoðanda Laugarásbíós og Hrafnistuheimilanna, eingöngu verið varið til uppbyggingar Hrafnistu.

4.

Samkeppnisyrirvöld hafa yfirfarið ársreikninga Háskólabíós og Laugarásbíós og þeirra fyrirtækja og stofnana sem að kvikmyndahúsunum standa fyrir undanfarin 3–4 ár ásamt öðrum gögnum sem málið varða. Gögn málsins benda ekki til þess að andvirði skemmtanaskattsins sem kvikmyndahúsin innheimta hjá neytendum og greiða eigendum húsanna sé fært yfir til kvikmyndahúsanna aftur þannig að það greiði með beinum hætti fyrir þeim í samkeppni við önnur kvikmyndahús. Sáttmálasjóður hefur hins vegar lagt fram fé til bættrar kennsluáðstöðu í Háskólabíói, sem að sögn nýtist ekki til kvikmyndasýninga, auk þess sem hann hefur lagt fram fé til brunavarna þess hluta starfsemi kvikmyndahússins sem lýtur að kennslu. Þótt þær brunavarnir nýtist vafalaust kvikmyndasýningarekstrinum er óvíst að sérstaklega hefði verið fjárfest í þeim til þess rekstrar.

Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði lögðu fram stofnfé og veittu lán til byggingar tveggja sýningarsala Laugarásbíós fyrir nokkrum árum. Leiða má að því rök að skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum hafi með óbeinum hætti nýst í þessu sambandi þar sem skattinum er varið til framkvæmda hjá Hrafnistu og fjármunum Sjómannadagsins, sem m.a. koma frá rekstri Happpdrættis DAS, er einnig varið til sömu framkvæmda. Þannig má segja að kæmi fé ekki í formi skemmtanaskattsins til framkvæmda Hrafnistu þyrfti sem því nemur meira fé frá Sjómannadeginum sem þá hefði haft minna fé til umráða til að leggja fram sem stofnfé í mannvirki kvikmyndahússins. Ennfremur má leiða að því líkur að sú staðreynd að meginhluti andvirðis skemmtanaskatts af kvikmyndasýningum Laugarásbíós rennur til Hrafnistu hafi áhrif á leigukjör þess sem leigir kvikmyndahúsið til kvikmyndasýninga. Eftir því sem leigukjör eru hagstæðari gefst leigutakanum betra tækifæri til að kaupa dýrari og vinsælli kvikmyndir sem síðan skila meiri framlögum í formi skemmtanaskatts til Hrafnistu.

Þó að þeim hluta skemmtanaskatts sem rennur beint til eigenda Háskólabíós og Laugarásbíós hafi ekki með beinum og augljósum hætti verið varið til að styrkja kvikmyndahúsin í samkeppni þeirra við önnur kvikmyndahús veldur formið tortryggni keppinautanna auk þess sem það, eins og áður er getið, getur haft óbein áhrif á kostnað rekstraraðila Laugarásbíós.

Það er álit Samkeppnisráðs að þær aðstæður sem að framan er lýst og rekja má til þess að skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum einstakra kvikmyndahúsa rennur að stórum hluta til eigenda sömu húsa skekki samkeppnisstöðu og geti

skaðað samkeppnina á markaði kvikmyndahúsanna. Með vísan til þess leggur ráðið til við menntamálaráðherra að jafna samkeppnisstöðu kvikmyndahúsanna með því t.d. að beita sér fyrir því að undanþáguákvæði sem taka til kvikmyndahúsa í 6. gr. laga um skemmtanaskatt nr. 58/1970 verði felld úr gildi.